




RSK₅₀ÁR
STOFNÁR 1962

Ársskýrsla 2012



Efnisyfirlit

Aðfararorð ríkisskattstjóra	5	Staðgreiðsla	26
Framtal og framtalsfrestur	6	Upplýsingagjöf	27
Álagning opinberra gjalda	7	Alþjóðamál	28
Tekjuskattur í atvinnurekstri	11	Húsnæðismál	30
Virðisaukaskattur	13	Skjalastjórnun	31
Vöru-, skila- og úrvinnslugjald	16	Tölfræði	32
Skatteftirlit	17	Starfshópar	33
Fyrirtækjaskrá	18	Mannauður	34
Umsagnir og álit	20	Tíund	36
Ýmis gjöld	21	Fyrirmyndarstofnun	37
Þróunarmál	22	50 ára afmæli	38
Vefir	23	Ársreikningur	39
Rekstur tölvukerfa	24		



Aðfararorð ríkisskattstjóra

Á árinu 2012 minntust starfsmenn ríkisskattstjóra þess að 50 ár voru liðin frá því að embættum ríkisskattstjóra og níu sjálfstæðra skattstjóra var komið á fót. Á þeim tímum sem þá fóru í hönd var skattframkvæmd endurskipulögð til að auka samræmi í skattákvörðunum. Mikill fjöldi skattanefnda hafði verið lagður niður og á næstu árum var verklag allt einfaldað og skattframkvæmd breytt með tilliti til ríkjandi þarfa. Árin sem síðan hafa liðið hafa verið ár breytinga í smáu sem stóru. Fjölmargar vörður voru á þeirri vegferð með nýrri hugsun og nýjum áherslum. Tekjuöflunarkerfum ríkis og sveitarfélaga var á liðnum áratugunum breytt margsinnis eftir þróun stjórn mála og annarra aðstæðna. Nú er unnið að samantekt helstu atburða í sögu skattlagningar á Íslandi komandi kynslóðum til fróðleiks og upplýsinga en einnig til að læra af.

Fimmtíu liðin ár í þágu þjóðar eru tímamót sem ástæða var til að staldra við. Það var gert með því að taka í notkun nýjan vef ríkisskattstjóra, rsk.is. Nýr vefur hefur auðveldað almenningi aðgengi að upplýsingum og þannig bætt þjónustu. Mikið nýtt efni og ný og betri framsetning þess var afmælisgjöf sem munaði um. Að því verki var unnið nánast dag og nótt á mánuðunum fyrir opnun. Starfsmenn ríkisskattstjóra minntust einnig tímamótanna á hefðbundinn hátt með því að koma saman með hógvæð að leiðarljósi. Hlýddu starfsmenn á fræðsluerindi Páls Skúlasonar pró-

fessors og fleiri gesta, þ.m.t. fjármála- og efnahagsráðherra sem opnaði hinn nýja vef við þetta tækifæri.

Árið var vitaskuld ekki aðeins afmælisár heldur var einnig viðhöfð hefðbundin skattframkvæmd. Enn á ný voru sett lög sem kváðu á um breytta skattframkvæmd á ýmsum sviðum og því var árið annasamt. Fjórða árið frá hrúni var þannig ár endurskoðaðrar skattframkvæmdar líkt og þau fyrri.

Starfsmenn ríkisskattstjóra hittust reglulega til að ræða skattframkvæmd, breytta verkferla og ýmis mál sem brunnu á þeim. Ákveðið var að stofnunin setti sér gildi og voru þau ákveðin af starfsmönnum eftir lýðræðislegum aðferðum. Fagmennska – jákvæðni – samvinna voru þau leiðarljós sem starfsmenn ákváðu að vinna eftir á komandi árum og áratugum.

Þjónusta og eftirlit voru sem fyrr þær vogarstangir sem starfsemi ríkisskattstjóra byggðist á. Rafræn þjónusta hefur aldrei verið betri en á árinu 2012 og skattskil einstaklinga orðin rafræn í nær 96% tilvika. Hvergi í opinbera geiranum hefur rafræn stjórnsýsla náð viðlíka stöðu og hjá ríkisskattstjóra. Þar hefur sýnt sig að rafræn stjórnsýsla eykur hagkvæmni og er vinsæl meðal notenda, hvort heldur um einstaklinga eða fyrirtæki er að ræða.

Skatteftirlit náði nýjum hæðum í fjárhæðum skattbreytinga. Stöðugt ákall var á aukið skatteftirlit og að fylgst

væri með dulinni atvinnustarfsemi. Eftirlit á vettvangi var endurskilgreint og verkefni valin eftir arðsemi þeirra. Af-rakstur þeirra 30 manna sem starfa í skatteftirliti hefur augljóslega styrkt fjárhag ríkis og sveitarfélaga svo um munar. Betur má þó ef duga skal og mun ríkisskattstjóri herða enn eftirlit og auka hagræðingu í störfum.

Þegar rétt þrjú ár voru liðin frá því að embætti sjálfstæðra skattstjóra voru lögð niður og störf þeirra sameinuð ríkisskattstjóra hafði náðst sá árangur sem að var stefnt í sameiningarferlinu. Nær allir starfsmenn eru ánægðir með framkvæmd sameiningarinnar og var ferlinu talið lokið í árslok 2012. Við tekur eðlileg framþróun starfa og starfshátta þar sem horft verður til enn skilvirkari skattframkvæmdar og hagkvæmni í rekstri í ljósi stöðu ríkisfjármála.

Árið 2012 var þannig ár minninga þar sem litið var 50 ár um öxl. Árið var einnig ár breytinga og eftirvæntingar eftir nýjum tímum og nýjum áherslum. Mikilvægt er að þegar hrunáhrifum á íslenskt samfélag lýkur verði leitast við að finna meira jafnvægi í skattheimtu með viðeigandi einfaldleika skattframkvæmdar og skattalaga og að aukinn stöðugleiki ríki um þær reglur sem skattlagning byggist á.

Skúli Eggert Þórðarson

Framtal og framtalsfrestur

Framtal einstaklinga á vefnum var opnað 6. mars 2012. Helsta nýjungin að þessu sinni var sérstakur reitur fyrir arðstekjur sem meðhöndla skal sem laun og einnig var umsókn um ívilnun í raf-rænum framtalsskilum breytt verulega og gerðar ítarlegri kröfur um skil viðbótargagna með slíkri umsókn. Að auki voru gerðar nokkrar breytingar á einfaldari útgáfu netframtalsins. Veitt var undanþága frá útfyllingu eyðublaðs vegna frádráttar ökutækjastyrks ef fenginn styrkur var undir 314.000 kr. Jafnframt var veitt undanþága frá útfyllingu eyðublaðs vegna frádráttar dagpeninga ef fengnir dagpeningar voru undir 800.000 kr. Gerð var krafa um að þeir framteljendur sem nota veflykil breyttu honum í varanlegan veflykil við innskráningu á þjónustusiðuna skattur.is.

Einstaklingum bar að standa skil á skattframtali eigi síðar en 22. mars. Framteljendur gátu þó sótt um lengri skilafrest, ýmist til 26. eða 27. mars.

Framtalsfrestur lögaðila var til 31. maí en endurskoðendur, bókarar og aðrir sem hafa atvinnu af framtalsgerð gátu síðan sótt um lengri frest. Miðaðist hann við að framtölum væri skilað jafnt og þétt fram að lokafresti sem var 14. maí vegna launamanna og einstaklinga í rekstri en 20. september vegna lögaðila. Lengdur skilafrestur miðaðist við rafræn skil.

Árituð pappírframtöl voru einungis send þeim sem höfðu skilað framtali á pappír árið áður. Veflyklabréf var að sama skapi aðeins sent þeim sem ekki áttu varanlegan veflykil, sem og nýjum framteljendum. Þeir sem höfðu látið endurskoðanda eða bókara skila framtali fyrir sig árið áður fengu ekki veflykil sendan heim.

Áritun á framtöl einstaklinga

Við áritun upplýsinga á rafræn framtöl voru nú færðar tilfallandi verktakatekjur undir 500.000 kr. sem og arður sem telja skal til launa. Kaupverð bíla sem keyptir voru á árinu 2011 var áritað á framtal, en slíkt hafði ekki verið gert áður. Upplýsingar um laun og staðgreiðslu barna skv. launamiðum voru nú einnig áritaðar á barnaframtöl, sem og lögskráningardagar á bátum undir 20 tonnum á sjómannaþlaðið RSK 3.13.



Álagning opinberra gjalda

Á skattgrunnskrá við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2012, tekjuárið 2011, voru 261.764 einstaklingar, sem voru um 197.000 fjölskyldunúmer. Innkomin framtöl (hver kennitala talin sem eitt framtal) voru 248.128 alls. Í gegnum þjónustusíðuna (netframtalið) var skilað 179.734 framtölum, 55.904 var skilað af fagmönnum í gegnum DK-framtalsforritið, 6.570 var skilað á pappír og starfsmenn RSK gengu frá 5.920 framtölum, annað hvort í nærþjónustu eða í gegnum síma. Þeir 13.800 einstaklingar sem ekki skiluðu framtali í tæka tíð fengu áætlun.

Farið er með vélrænum, samræmdum hætti yfir öll innsend skattframtöl áður en þau sæta álagningu opinberra gjalda. Álagningarferlinu lýkur með skilum á álagningarupplýsingum til Fjársýslu ríkisins og tilkynningum til gjaldenda um niðurstöður álagningar. Um 77% allra skattframtala fá sjálfkrafa álagningu við vélræna yfirferð þeirra og sæta þá almennt ekki frekari athugun. Þau 23% framtala sem eftir standa þurfa frekari athugun starfsmanna áður en þau teljast tæk til álagningar. Eftir rafræna regluþrófun komu nær 32.000 framtöl til skoðunar hjá starfsmönnum fyrir álagningu sem leiddi til breytinga á 5.420 skattframtölum, þar af 74 að undan- genginni fyrirspurn.

Álagningarvinnslan hófst 12. apríl og var henni að mestu lokið þann 9. júní. Síðustu framtölin voru afgreidd þann 15. júní og 19. júní var álagningarkerfunum lokað, samkeyrsla skráa hófst og síðan útreikningur.

Álagningin var birt framteljendum á þjónustusíðunni 24. júlí, en formleg framlagning var 25. júlí.

Rafræn skil einstaklingsframtala

Fjöldi framtala sem skilað er rafrænt eykst frá ári til árs. Áhersla er á að veita þeim mikla meirihluta landsmanna sem skilar skattframtölum rafrænt aukna þjónustu á þeim vettvangi þótt vitaskuld sé þeim sem ekki hafa tök á að nýta sér rafrænar lausnir enn vel sinnt. Með framtölum sem starfsmenn ríkisskattstjóra gengu frá voru rafræn skil nær 97% af heildarskilum.

Breytingar fyrir álagningu; 95. gr. og 96. gr.

Fjöldi tilkynntra breytinga skv. 95. gr. og 3. mgr. 96. gr. (Einstaklingar utan rekstrar)

	2012	2011
Málum lokið með tilkynningu skv. 95. gr.	5.346	5.040
96. gr. mál	74	350
Samtals afgreitt á árinu	5.420	5.390

Þróun rafrænna skila einstaklingsframtala frá upphafi rafrænna skila

	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999
Vefframtalið	189.649	184.788	180.608	175.579	169.722	162.074	146.886	138.616	128.856	113.489	98.137	75.939	39.823	15.741
Framtalsforrit	58.878	59.893	62.293	66.357	70.065	71.640	70.304	69.399	69.513	68.034	62.717	56.581	33.167	3.694
Samtals R-skil	248.527	244.681	242.901	241.936	239.787	233.714	217.190	208.015	198.369	181.523	160.854	132.520	72.990	19.435
Samtals skil	262.109	258.903	257.695	262.863	258.304	253.022	241.444	234.501	229.800	226.484	224.916	221.538	217.348	213.694
Hlutfall R-skila	95%	94%	94%	92%	93%	92%	90%	89%	86%	80%	72%	60%	34%	9%

Kröfulýsing vegna rafrænna skila fyrir hugbúnaðarhús var útbúin í ársbyrjun en hún setur traustan ramma utan um rafræn skil framtala. Frá árinu 2005 hafa samskipti við atvinnuframteljendur sem nota framtalsforrit fremur en þjónustuvef ríkisskattstjóra verið á XML formi. Mikil áhersla er lögð á að þjóna þessum hópi vel og að hann hafi aðgang að allri þjónustu sem framteljendum býðst á vefnum, svo sem áritun upplýsinga. Að auki er þeim boðið upp á ýmsa sérsniðna þjónustu, t.d. vegna frestlista.

Kæur

Kæur afgreiddar innan lögbundins frests (til og með 24. október)	4.602	82,22%
Kæur afgreiddar innan viðbótarfrests (til og með 30. nóvember)	977	17,46%
Kæur afgreiddar fram að miðjum desember (til og með 17. desember)	13	0,24%
Kæur afgreiddar í febrúar (frestur veittur vegna gagnaöflunar)	4	0,08%
Samtals kæur í kærufresti einstaklinga	5.596	100,00%

Kæur; 99. gr.

Fjöldi afgreiddra einstaklingskæra á árinu 2012	2012	2011
Fjöldi innsendra kæra	5.596	
Óafgreitt í lok fyrra árs	7	102
a. Fjöldi kærufamtala afgreitt af starfsmönnum	849	1.361
b. Fjöldi kerfisafgreiddra framtala	1.835	791
c. Fjöldi almennra kæra	2.764	2.191
d. Fjöldi frávísaðra bráðabirgðakæra	145	162
Óafgreitt í lok árs	3	7
Samtals afgreitt á árinu	5.600	4.607

Kæur

Innsendar kæur einstaklinga voru 5.596, þar af voru 2.684 ný framtöl. Að auki bárust 23 kæur frá dánarbúum lögaðila. Af þessum framtölum voru 849 afgreidd af starfsmönnum og 1.835 í rafrænni keyrslu. Til samanburðar má geta að í kæruvinnslu gjaldárið 2011 afgreiddu starfsmenn 1.361 framtal en 791 var afgreitt rafrænt.

Erindi

Samtals voru 3.812 erindi móttækin á árinu. Ný framtöl voru 1.731, þar af 711 vegna gjaldársins 2012 og 1.020 vegna fyrri gjaldára. 278 erindi í formi nýrra framtala voru afgreidd í rafrænni keyrslu, en einungis framtöl yfirstandandi gjaldárs eru afgreidd með þeim hætti.

Af erindum voru 43% afgreidd innan 45 daga, 30% innan 90 daga og 13% innan 120 daga.

Erindi; 2. mgr. 101. gr. og 24. gr. ssl.

Fjöldi innsendra erinda	2012	2011
a. Ný framtöl	1.731	2.093
b. Fjöldi almennra erinda	1.957	1.574
c. 24. gr. ssl.	96	28
d. Mál frá yfirskattanefnd	28	15

Samtals móttækin mál	3.812	3710
-----------------------------	--------------	-------------

Fjöldi afgreiddra erinda + fjöldi framtala

Óafgreitt í lok fyrra árs	929	
a. Ný framtöl 2012 samþykkt af starfsmanni	402	1.642
b. Ný framtöl 2012 samþykkt af kerfi	222	278
c. Ný framtöl eldri ár	1.007	271
d. Almenn erindi 2012	948	888
e. Almenn erindi eldri ár	894	377
f. 24. gr. ssl.	88	27
g. Mál frá yfirskattanefnd	20	5
Óafgreitt í lok árs	231	

Samtals afgreitt á árinu	4.510	3.488
---------------------------------	--------------	--------------



Síðari skoðun

Alls voru hafin 12.886 mál í síðari skoðun á árinu og var stærstum hluta þeirra lokið fyrir árslok. Megin þorri málanna var stofnaður í framhaldi af endurútreikningi Tryggingastofnunar vegna tekjuáranna 2009 og 2010 og endurútreikningi Vinnumálastofnunar vegna áranna 2010 og 2011.

Þjónusta

Ríkisskattstjóri sinnir mikilli þjónustu, bæði í síma og á öllum starfsstöðvum. Í afgreiðsluna á Laugavegi 166 komu 62.719 viðskiptavinir á árinu 2012, þar af 9.148 í marsmánuði þegar almenn framtalsskil einstaklinga stóðu sem hæst. Fjöldi símtala inn til embættisins árið 2012 var 246.803 og eru þar ekki talin með símtöl þar sem hringt er beint til einstakra starfsmanna.

Framtalsaðstoð

Eins og síðustu ár var veitt sérstök og aukin símaþjónusta í tengslum við framtalsskil. Þá var þjónustuvefurinn skattur.is auglýstur sérstaklega sem og framtalsfrestir og helstu atriði sem hafa þarf í huga við framtalsskil. Einstaklingar voru fyrr á ferðinni en áður með framtalsskil sín, og hefur sérstök símaþjónusta, aukin áritun upplýsinga, skýrari framsetning, einfaldað framtal og breytt form á leiðbeiningum undanfarin ár eflaust haft mikið að segja þar.

Endurákvæðanir

Endurákvæðanir; 96. gr.	2012	2011
Samtals afgreitt á árinu	10.071	514

Annað

Annað	2012	2011
Erfðafjárskýrslur	1.279	1.147
Fyrirframgreiðslur	647	777
Skráarvinnsla	1.484	51
Annað	2	43
Samtals	3.412	2.018

Símtalatalning 2012

Mánuður	Þjón.ver	Fyrirt.skrá	Launþ.	Staðgr.	VSK	Atv.rek.	Annað	Alls	Á dag
Janúar	12.118	2.719	1.239	1.531	1.584	544	411	20.146	916
Febrúar	14.255	2.632	1.272	3.531	1.976	583	1.005	25.254	1.203
Mars	16.070	2.855	22.638	1.949	1.868	806	522	46.708	2.123
Apríl	8.877	2.140	1.768	998	1.386	454	202	15.825	931
Máí	9.846	2.487	1.413	1.239	1.156	499	194	16.834	842
Júní	8.846	2.177	851	1.114	1.369	307	167	14.831	706
Júlí	10.900	1.949	5.992	1.242	1.200	308	234	21.825	992
Ágúst	9.953	2.079	6.671	1.141	1.539	377	240	22.000	1.000
September	8.929	1.989	1.869	1.151	1.222	511	212	15.883	794
Október	10.383	2.437	1.939	1.189	1.486	508	265	18.207	792
Nóvember	9.330	2.606	1.667	1.187	1.234	828	195	17.047	775
Desember	6.564	2.194	799	908	1.253	396	129	12.243	680
	126.071	28.264	48.118	17.180	17.273	6.121	3.776	246.803	987

Tekjuskattur í atvinnurekstri



Álagningarskoðun einstaklinga í atvinnurekstri hófst um miðjan apríl og lauk 14. júní. Í megindráttum var um hefðbundnar áherslur að ræða við skoðun framtalanna, þ.e. skoðun á grundvelli reglufalls og annarra tilgreindra atriða. Fjöldi tilkynnta breytinga á skattframtölum skv. 95. og 96. gr. var svipaður og árið á undan, fjölgaði um tæplega 3%.

Álagningarskoðun lögaðila hófst í lok ágúst og lauk þann 15. október. Tilkynntum breytingum á skattframtölum fjölgaði lítillega eða um 4,6%. Í framhaldi af tillögum starfshóps um breytt reglufall hækkaði hlutfall vélrænt samþykkttra framtala í 63% frá því að vera 46% árið áður. Rík áhersla var lögð á að fylgja eftir breyttu verklagi við áætlun skattstofna hjá þeim sem ekki skiluðu skattframtali. Hlutfeld áætlana í álögðum tekjuskatti lækkaði úr 19,03% í 16,02% sem svarar til 154.884.493 kr. Við vinnslu framtala lögaðila fyrir álagningu voru hreinar tekjur í reitum 0900 hækkaðar um rúma 3,2 milljarða en lækkanir á móti námu rúmum 1,9 milljörðum. Yfirfæranlegt rekstrartap í reit 0910 sætti miklum breytingum, bæði til hækkunar og lækkunar, og nam nettólækkun 283.569.891 kr. Þá var eftir föngum haldið áfram að taka afstöðu til mismunar sem fram kom á leiðréttingarskýrslum virðisaukaskatts.

Fjöldi afgreiddra kæra var 4.756 en erinda 5.467. Af þessum erindum voru 3.384 vegna framtala í stað áætlana. Framtölin voru 4.411, enda getur hvert erindi verið tvö framtöl. Þótt erindi berist allt árið kemur kippur í skilin eftir lok kærufrests. Af þeim sökum sem og þar sem kæruafgreiðsla er forgangsverkefni er staða þessara mála um áramót verri en hún er að jafnaði yfir árið. Í þeim tilvikum sem mál dragast um of er gjaldendum gerð bréflaga grein fyrir töfinni og hvenær stefnt sé að lúkningu máls.

Rafræn skil lögaðilaframtala

Um það bil 98% af innsendum framtölum lögaðila var skilað rafrænt, en það er svipað hlutfall og á fyrra ári. Þar af var 72% skilað með framtalsforriti frá DK hugbúnaði en um 28% á vef ríkisskattstjóra. Heldur fleiri lögaðilaframtölum var skilað á vef ríkisskattstjóra nú en á fyrra ári.

	Vefframtal RSK	DK-forrit	Rafrænt samtals	Pappír	Heild
Skattskyldir lögaðilar	7.915	21.369	29.284	316	29.600
Óskattskyldir lögaðilar	691	451	1.142	337	1.479
Samtals	8.606	21.820	30.426	653	31.079

1. Breytingar í álagningu; 95. og 3. mgr. 96. gr. 2.947

Fjöldi tilkynnta breytinga skv. 95. og 96. gr.	
a. Einstaklingar hafin mál	2.526
- Einstaklingar breytingar	2.089
b. Lögaðilar hafin mál	1.653 ¹
- Lögaðilar breytingar	858 ²

2. Kærur; 99. gr. v/gjaldára 2011 og 2012	4.756	2011	2012
a. Fjöldi afgreiddra einstaklingskæra	1.084	4	1.080
- Þar af kærufamtöl	685	4	681
- Þar af kerfisafgreidd	56	0	56
- Almennar kærur	399	0	399
b. Fjöldi afgreiddra lögaðilakæra	3.672	1.634	2.038
- Þar af lögaðilaframtöl	3.411	1.462	1.949
- Þar af kerfisafgreidd	933	933	0
- Almennar lögaðilakærur	261	172	89

Skipting allra kæra vegna gjaldársins 2012:

a. Fjöldi kærufamtala	3.540
b. Fjöldi almennra kæra	709
c. Fjöldi frávísaðra bráðabirgðakæra	221

3. Endurákvæðanir; 5. mgr. 96. gr.

Fjöldi skoðaðra mála	928
Fjöldi úrskurðaðra mála	304 ³

4. Erindi; 2. mgr. 101. gr., 24. gr. ssl. o.fl.

Fjöldi óafgr. erinda 1.1. 2012	1.028	
Fjöldi óafgr. erinda 31.12. 2012	1.106	Fjöldi framtala
a. Fjöldi innsendra erinda	5.545	6.790
b. Fjöldi afgreiddra erinda	5.467	6.794
Skipting afgreiddra erinda, sbr. 4.b:		
a. Ný framtöl	3.384	4.411
b. Önnur erindi skv. 2. mgr. 101. gr.	694	
c. 24. gr. ssl.	98	112
d. Annað	1.291	

1-2 Mismunur hafinna mála og tilkynnta breytinga liggur að mestu í skilum ársreikninga og launamiða í framhaldi af fyrirspurn.

3 Hér felst mismunurinn einnig töluvert í skrifum vegna gjaldfærðra launa og verktakagreiðslna (launamiða vantar).

Virðisaukaskattur

Í árslok voru 31.462 aðilar á virðisaukaskattsskrá en voru 31.318 í árslok 2011 og hafði því fjölgað um 288. Eins og undanfarin ár eru lögaðilar um 65% skráðra aðila en einstaklingar um 35%. Fjöldi nýskráðra og endurskráðra virðisaukaskattsnúmera vegna ársins 2012 var 3.545 en afskráningar 2.798.

Fjöldi skráðra virðisaukaskattsskýrsla vegna álagningar 2012 var 126.867. Heildarfjöldi skráðra virðisaukaskattsskýrsla að viðbættum áætlunum var hins vegar 144.924 og skiptist þannig: Jákvæðar skýrslur og áætlanir 102.335, núllskýrslur 17.009 og neikvæðar skýrslur 25.580. Auk þessa voru skráðar 3.526 skýrslur frá aðilum sem voru með vikuleg bráðabirgðaskil í fiskvinnslu og u.þ.b. 12.500 leiðréttingarskýrslur.

Unnið var markvisst að átaki sem hófst árið 2011 og miðaði að því að fækka áætlunum við frumálagningu virðisaukaskatts. Átakið hefur skilað þeim árangri að áætlanir á árinu 2012 voru 4.882 færri en á árinu 2011, en 10.995 færri en við frumálagningu virðisaukaskatts 2010. Auk þess hefur áætlaður virðisaukaskattur, útskattur, við frumálagningu lækkað verulega eða um 57% frá árinu 2010. Þessi árangur náðist m.a. með öflugri stofnskrárefirliti og jafnframt hefur sérstakt gjald sem lagt er á aðila við hverja skýrslu sem skráð er í stað áætlunar eindregið forvarnargildi í þessu sambandi.

Fjöldi umsókna um endurgreiðslu virðisaukaskatts til íbúðar-eigenda vegna nýbygginga og vegna viðhalds og endurbóta á íbúðarhúsnæði dróst eilíftið saman. Alls voru afgreiddar liðlega 13.800 endurgreiðslubeiðnir af þessum toga á árinu og var flestum þeirra lokið innan tímamarka. Rafrænum umsóknum um endurgreiðslur fjölgaði talsvert á milli ára.

Í september flutti stofnskrárhópur virðisaukaskattsskrifstofu frá starfsstöðinni í Hafnarfirði til aðalstöðva ríkisskattstjóra í Reykjavík. Tilgangurinn með flutningnum var m.a. sá að ná fram meiri sérhæfingu og betri þjónustu við gjaldendur, en ekki síður til að skilja á milli skráningar á virðisaukaskattsskrá og álagningar virðisaukaskatts en slíkt er mikilvægt frá sjónarhóli innra eftirlits.

Í töflunni á bls 15 eru upplýsingar um skattskylda veltu, undanþegna veltu, útskatt, innskatt, áætlanir, álag o.fl. Um er að ræða heildartölur ársins 2012 eins og þær voru undir lok apríl 2013. Fjárhæðir eru í þúsundum króna en fjöldatölur nákvæmar. Rétt er að vekja athygli á því að fjöldatölur án fjárhæða miðast við þann dag þegar álagning hvers tímabils fór fram.

Gjaldabreytingar sem leiddur af skoðun VSK-skýrsla og endurgreiðslubeiðna 2012

Tegund mála	Breyting (lækkun) á endurgr. VSK	Breyting (hækkun) á útskatti	Breyting (lækkun) á innskatti	Breyting (hækkun) á álagi	Gjaldabreytingar samtals
Samtímaeftirlit	0	106.927.407	284.868.258	8.230.685	400.026.350
Árseftirlit	0	20.999.709	75.358.427	2.198.409	98.556.545
Erindi/kæpur	0	13.927.986	53.019.968	3.578.487	70.526.441
Endurgr. til sveitarf./ríkisstofnana	26.907.991	0	0	0	26.907.991
Endurgr. til verktaka v/íb.húsnæðis	114.517.210	0	0	0	114.517.210
Endurgr. til einst. v/íb.húsnæðis	98.197.870	0	0	0	98.197.870
Aðrar endurgreiðslur	6.403.930	0	0	0	6.403.930
Gjaldabreytingar samtals	246.027.001	141.855.102	413.246.653	14.007.581	815.136.337



Álagning virðisaukaskatts – einstaklingar og lögaðilar

	2012	2011	%
Skattskyld velta 7%	577.058.326	522.921.286	10,4
Skattskyld velta 14%	-1.416	-18.910	-92,5
Skattskyld velta 24,5%	-1.204.002	-1.241.432	-3,0
Skattskyld velta 25,5%	1.419.732.395	1.312.992.111	8,1
Skattskyld velta alls	1.995.585.303	1.834.653.055	8,8
Undanþegin velta	1.268.146.939	1.167.896.243	8,6
Heildarvelta	3.263.732.242	3.002.549.298	8,7
Áætluð velta 7%	1.009.495	1.168.817	-13,6
Áætluð velta 25,5%	16.142.663	22.578.610	-28,5
Áætluð velta alls	17.152.158	23.747.427	-27,8
Útskattur 7%	40.464.656	36.687.160	10,3
Útskattur 14%	-198	-2.650	-92,5
Útskattur 24,5%	-293.119	-302.602	-3,1
Útskattur 25,5%	366.155.731	340.568.717	7,5
Par af áætlaður útskattur	4.187.044	5.839.363	-28,3
Par af virðisaukaskattur af rafrænni þjónustu	53.500		
Virðisaukaskattur af þjónustukaupum erlendis	1.939.750	904.088	114,6
Útskattur alls	408.266.820	377.854.713	8,0
Innskattur	388.276.593	363.011.539	7,0
Innskattur bráðabirgðaskil	4.363.802	3.594.673	21,4
Innskattur alls	392.640.395	366.606.212	7,1
Álag	1.183.278	1.098.787	7,7
Sérstakt gjald	32.780	37.595	-12,8
Álagning	15.626.425	11.248.501	21,4

Endurgreiðslur virðisaukaskatts – einstaklingar og lögaðilar

	2012	2011	%
Húsbyggendur	3.545.296.760	3.028.106.153	17,1
Sveitarfélög/stofnanir	4.616.185.413	3.879.957.374	19,0
Húsnæði sveitarfélaga	537.800.136	383.601.244	40,2
Endurgreiðslur til erlendra aðila	1.729.017.535	1.471.665.762	17,5
Endurgreiðslur alls	10.428.299.844	8.763.330.533	19,0

Rafræn virðisaukaskattsskil

	2012	2011	2010	2012	2011	2010
Virkir veflyklar	30.997	29.018	23.814	95%	90%	62%
Virk VSK-nr.	32.485	32.370	32.704			
Rafrænar skýrslur	119.701	120.023	93.959	93%	92%	65%
Skýrslur alls	128.867	130.048	127.049			

Vöru-, skila- og úrvinnslugjald

Skilagjald

Álagning vegna skilagjalds og umsýslubóknunar á drykkjarvörur í einnota umbúðum var 1.301 m.kr. og voru 16 gjaldendur á skilagjaldsskrá. Árið áður nam gjaldið 1.313 m.kr.

Vörugjald

	2012	2011
Vörugjald af innlendri framleiðslu	1.535	1.514
Vörugjald af innflutningi	4.837	3.585
Fjöldi á vörugjaldsskrá	48	46

Upphæðir í m.kr.

Skattur af sölu á raforku og heitu vatni

Álagning skatts af sölu á rafmagnni var alls 1.869 m.kr. og skattur af sölu á heitu vatni alls 294 m.kr. Alls voru 60 skattskyldir aðilar á skrá. Árið 2011 nam skattur á rafmagn 1.818 m.kr. og skattur á heitt vatn 265 m.kr.

Úrvinnslugjald

Úrvinnslugjald vegna spilliefna var lagt á þrjá gjaldendur vegna ársins 2012, alls 12 m.kr. Til samanburðar var álagning ársins á undan 11,9 m.kr. Úrvinnslugjald umbúða var lagt á 11 gjaldendur og nam álagningin 52 m.kr. en var 49 m.kr. árið á undan.



Skatteftirlit

Síðustu ár hefur skatteftirlit ríkisskattstjóra lagt aukna áherslu á skoðun á flóknum viðskiptagerningum annars vegar og sérstakar átaksheimsóknir í fyrirtæki hins vegar. Þetta hefur haft í för með sér að hefðbundnum eftirlitsmálum hefur almennt fækkað en flækjustig þeirra hefur að sama skapi aukist og álagning gjalda hækkað. Átaksverkefni og fyrirtækjaheimsóknir hafa gert skatteftirlit sýnilegra en áður og hafa ákveðið forvarnargildi.

Helstu mál

Á árinu var lokið við 706 mál á eftirlitssviði og nam heildarfjárhæð gjaldabreytinga samtals 7.553 m.kr. Þar að auki var á árinu felld niður yfirfæranlegt ónotað tap að fjárhæð 2.823 m.kr.

Átaksverkefni

Myndaður var sérstakur átakshópur til að sinna sérhæfðum verkefnum á sviði samtímaeftirlits. Áhersla var lögð á virðisaukaskatt og gerð könnun á réttmæti innskatts og annarra endurgreiðslna. Athyglinni var annars vegar beint að aðilum með háar inneignarskýrslur og hins vegar að skýrslum aðila með lágan nettó virðisauka en háar hliðar í útskatti og innskatti.

Áfram var unnið í samræmi við samkomulag ríkisskattstjóra, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá árinu 2011. Á fyrri hluta ársins var farið í heimsóknir í fyrirtæki í ýmsum atvinnugreinum en seinni hluta ársins beindust heimsóknir aðallega að fyrirtækjum í ferðaþjónustu og byggingariðnaði. Áhersla var lögð á að skoða tekjuskráningu, skráningu á launaskrá og staðgreiðsluskil starfsmanna, vinnustaðaskilríki, tiltekin bókhaldsatriði o.fl. Mikið liggur fyrir af upplýsingum úr átaksverkefninu sem koma til með að nýtast við að skipuleggja markvisst vettvangseftirlit í framtíðinni.

Helstu niðurstöður skatteftirlits

Gjaldabreytingar eftirlitsmála (nettó)	2012	2011	2010
Opinber gjöld	5.676.044.700	5.708.760.226	3.716.513.269
Virðisaukaskattur og álag	1.663.598.114	104.271.125	37.742.694
Tryggingagjald og álag á staðgreiðslu	213.391.327	156.105.335	87.683.312
Fjárhæð gjaldabreytinga alls	7.553.034.141	5.969.136.686	3.841.939.275
Lækkun á yfirfæranlegu tapi	2.823.722.271	46.710.409.250	86.111.858

Meðalfjárhæðir og hlutfall gjaldabreytinga

Fjárhæð gjaldabreytinga á hvert lokið mál með gjaldabreytingu	24.443.476	12.157.101	6.740.244
Fjárhæð gjaldabreytinga á hvert lokið mál	10.698.349	3.438.443	3.244.881
Fjöldi mála lokið á árinu alls	706	1.736	1.184
Þar af fjöldi málaloka með gjaldabreytingu	308	491	570
Hlutfall gjaldabreytinga af loknum málum	44%	28%	48%

Samtímaeftirlit

Fjöldi mála frá fyrra ári	443	136	75
Fjöldi nýrra mála á árinu	552	2.909	384
Fjöldi mála í vinnslu á árinu	995	3.045	459
Fjöldi mála lokið á árinu	359	2.602	320
Fjöldi mála lokið með athugasemd/send áfram	-	278	75

Hefðbundið skatteftirlit

Fjöldi mála frá fyrra ári	814	617	789
Fjöldi nýrra mála á árinu	481	1.934	1.050
Fjöldi mála í vinnslu á árinu	1.295	2.551	1.839
Fjöldi eftirlitsmála lokið	706	1.736	1.184
Þar af fjöldi mála með gjaldabreytingu	308	491	570

Fyrirtækjaskrá

Hlutafélagaskrá

Ýmis konar aðstoð og ráðgjöf við viðskiptavini er jafnan fyrirferðarmikil í starfi fyrirtækjaskrár, bæði við þá sem koma á skrifstofu skrárinnar og símaþjónusta.

Í lok árs voru 70.356 lögaðilar skráðir í fyrirtækjaskrá en þar af voru 30.698 einkahlutafélög. Á árinu voru skráð 1.752 ný einkahlutafélög. Það er lítills háttar aukning frá fyrra ári en verulega minna en á árunum fyrir 2008.

Alls bárust tæplega 6.700 aukatilkynningar en það eru tilkynningar um breytingar á skráningarskyldum atriðum hjá hlutafélögum og einkahlutafélögum. Þetta er heldur minna en árið á undan en á móti hefur tilkynningum vegna annarra aðila, t.d. félagasamtaka, fjölgað verulega.

Samrunatilkynningar voru 140 á árinu og voru yfirtekin félög 192. Skiptingar voru 25 og viðtökufélög voru 28. Alls komu því 385 félög við sögu varðandi samruna og skiptingar.

Á árinu voru 1.716 einkahlutafélög afskráð. Margar ástæður geta legið að baki afskráningum s.s. að hluthafar ákveði að slíta félagi og óski afskráningar, gjaldþrot og samruni við annað félag. Að auki getur fyrirtækjaskrá haft frumkvæði að afskráningu félaga. Farið var í áttak í að afskrá félög er ætla má að séu hætt starfsemi, séu án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns, eða sinna ekki tilkynningarskyldu til skrárinnar. Upphaflega úrtakið var 300 félög en einhver félög brugðust við aðvörnum fyrirtækjaskrár eða fóru í annars konar slit á árinu. Þann 21. desember voru sendar út 142 ákvarðanir um afskráningu félaga af hlutafélagaskrá.

Stjórnvaldsákvörðanir

Það er orðið tíðara en áður að aðilar geri athugasemdir við skráningu eða höfnun á skráningu í fyrirtækjaskrá og leiðir það til þess að taka þarf stjórnvaldsákvörðun. Á árinu voru 25 slíkar ákvarðanir teknar vegna skráningar eða höfnunar á skráningu í fyrirtækjaskrá og er það nokkur aukning frá árinu 2011 er þær voru 20. Það lífur því út



fyrir að fleiri séu farnir að nýta sér þann rétt er félagaréttur býður upp á og kæra skráningu til fyrirtækjaskrár í staðinn fyrir að leita beint til dómstóla þegar deilur eru uppi vegna skráningar. Þetta hefur leitt til þess að þau mál er koma fyrir fyrirtækjaskrá í dag eru flóknari úrlausnar en áður var. Einnig hefur aukist að ákvarðanir séu kærðar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, fagráðuneytis fyrirtækjaskrár.

Ársreikningaskrá

Samkvæmt lögum ber að skila ársreikningi fyrir lok ágúst mánaðar næsta ár eftir lokun reikningsárs. Skilaskyld félög fyrir rekstarárið 2011 voru samtals 33.081. Í lok ágúst var einungis búið að skila um fjórðungi reikninga en í árslok voru skilin orðin tæplega 80% sem er mun betra en undanfarin ár. Ljóst er að áttak það sem staðið hefur yfir undanfarin ár til að auka skil ársreikninga hefur skilað miklum árangri. Bæði hafa heildarskil batnað og einnig berast reikningar nú fyrir til ársreikningaskrár en áður. Þá hafa skil á rafrænu formi aukist og er nú svo komið að um 85% reikninga er skilað með rafrænum hætti. Gæði ársreikningaskrár hafa því batnað umtalsvert.

Eftirrekstur og sektir

Í upphafi árs var unnið að því að tryggja skil á ársreikningi 2010. Á árinu 2011 hafði verið send út ein áskorun þar sem skorað var á félög að skila inn ársreikningi svo ekki kæmi til ákvörðunar um fésekt og í febrúar 2012 var send ítrekunaráskorun til 4.550 félaga. Í framhaldi af því fengu 3.523 félög boðunarbréf þar sem boðað var að ársreikningaskrá hygðist leggja sekt á þau þar sem ársreikningi hefði ekki verið skilað. Að lokum voru 1.417 félög sektuð vegna vanskila á ársreikningi 2010.

Vinna við að tryggja skil á ársreikningi 2011 hófst mun fyrir en áður hafði verið. Áskorunarbréf voru send út í október til 10.341 félags vegna skila á ársreikningi 2011. Í framhaldinu fengu 4.993 félög boðunarbréf þar sem boðað var að fyrirhugað væri að leggja sektir á þau.

Í samræmi við úrskurði yfirskattanefndar var félögum sem skiluðu inn ársreikningi eftir að hafa verið sektuð boðið upp á lækkun sektar eða niðurfellingu hennar ef tilefni stóð til. Á árinu voru 384 sektarákvarðanir enduruppteknar vegna vanskila á ársreikningum 2009 og 2010.

Fjöldi skriflegra athugasemda barst í tengslum við ofangreindar aðgerðir og var öllum erindum svarað skriflega.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Hjá ríkisskattstjóra fer fram eftirlit með reikningsskilum félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) í samræmi við VIII. kafla ársreikningalaga og evrópskar reglur þar að lútandi. Félögum sem eru með verðbréf sín skráð í kauphöll á Evrópska efnahags- svæðinu ber skylda til að beita IFRS við gerð samstæðureikninga sinna. Á reikningsárinu 2011 féllu 26 félög undir þessa skyldu en einnig höfðu 55 félög fengið heimild til til að beita IFRS. Alls féll því 81 félag undir eftirlit ársreikningaskrár.

Á árinu voru reikningsskil 18 félaga tekin til athugunar. Í ljós kom að eitt þeirra hafði beitt rangri reikningshaldslegri aðferð við færslu og mat fjármálagerna. Þetta hafði ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins eða eigið fé þess og var því gerð sátt um að félagið myndi lagfæra þetta atriði í næstu reikningsskilum í samræmi við fyrirmæli í staðlinum IAS 8. Gerðar voru minniháttar athugasemdir við skýrslu stjórnar og skýringarliði allra annarra reikningsskila sem tekin voru til athugunar.



Umsagnir og álit

Mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum annast ríkisskattstjóri endurákvörðunina. Í byrjun árs voru 37 mál óafgreidd og 70 ný mál bárust á árinu. Úrskurðað var í 62 málum og tvö voru felld niður. Í lok árs voru 44 mál óafgreidd.

Umsagnir í kærumálum fyrir yfirsattanefnd

Samkvæmt lögum um yfirsattanefnd ber ríkisskattstjóra að koma fram fyrir hönd gjaldkrefjenda gagnvart yfirsattanefnd. Ríkisskattstjóri færir fram rökstuðning og aflar nauðsynlegra gagna í kærðum málum. Í upphafi árs biðu 95 kærumál rökstuðnings ríkisskattstjóra og 356 ný mál bárust frá yfirsattanefnd á árinu. 396 umsagnir voru afgreiddar á árinu og í árslok biðu 55 mál.

Aðrar umsagnir

Dómsmál

Ríkisskattstjóri leggur ríkislögmanni lið þegar höfðuð eru mál á hendur ríkinu vegna mála sem tengjast verksviði embættisins. Veittar voru umsagnir vegna 10 slíkra mála.

Lagafrumvörp

Veittar voru umsagnir um 70 mál.

Umsagnir til ráðuneyta

Veittar voru umsagnir í 11 málum.

Bindandi álit

Samkvæmt lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, skal ríkisskattstjóri láta uppi bindandi álit í skattamálum, enda varði mál verulega skattalega hagsmuni þess er eftir álitinu leitar. Í upphafi árs beið ein beiðni afgreiðslu og sex beiðnir um bindandi álit bárust á árinu. Fallist var á að gefa út bindandi álit vegna þriggja beiðna, einni var vísað frá, ein var sett í bið að ósk álitsbeiðanda og tvær voru óafgreiddar í árslok.

Tafabréf

Þegar ekki tekst að ljúka vinnslu á kærnum og erindum innan tímafresta tilkynnir ríkisskattstjóri málsaðilum um tafir á afgreiðslu mála, sbr. 3. mgr. 9. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993. Á árinu var sent út 181 tafabréf.

Kaupréttaráætlanir

Á árinu 2012 var ein kaupréttaráætlun staðfest, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Útgáfa TS númera

Fimm heimildir voru veittar til tekjufærslu skv. söluþyrlitum, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 50/1993, sbr. 8. og 17. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald.

Ýmis gjöld og skattar

Bifreiðagjald

Bifreiðagjald og úrvinnslugjald var lagt á um 200 þúsund ökutæki. Gjaldið er lagt á fyrirfram tvisvar á ári, í byrjun janúar og júní.

Bifreiðagjald	2012	2011
Heildarálagning bifreiðagjalds	6.653	6.421
Skattbreytingar	-197	-195
Staða eftir skattbreytingar	6.456	6.226
Úrvinnslugjald á bifreiðar		
Heildarálagning úrvinnslugjalds	155,3	155
Skattbreytingar	-0,3	-0,5
Staða eftir skattbreytingar	155	154,5

Kílómetragjald

Kílómetragjald er lagt er á hvern ekinn kílómetra tiltekinna ökutækja sem eru yfir 5.000 kg. að eigin þyngd, en gjaldið er lagt á eftir á sex mánaða fresti.

Kílómetragjald	2012	2011
Álagning	693	644
Áætlanir	484	463
Sektir	1	1
Samtals	1.178	1.108
Skattbreytingar	-483	-496
Staða eftir skattbreytingar	695	612

Upphæðir í m.kr.

Olíugjald

Olíugjald er lagt á gas-, stein- og díselolíu sem nothæf er sem eldsneyti á ökutæki.

Olíugjald	2012	2011
Álagning	6.991	6.651
Endurgreiðslur	-198	-160
Sektir vegna brota	4	11
Samtals	6.797	6.502
Gjaldskylda olía, milljónir lítra	128,2	121,2
Gjaldfrjáls olía, milljónir lítra	107,7	99,7
Samtals	236	221

Áfengisgjald

Ríkisskattstjóri annast álagningu áfengisgjalds á innlenda framleiðslu.

Áfengisgjald	2012	2011
Innlend framleiðsla	4.219	3.879
Innflutningur	6.908	6.855
Samtals	11.127	10.734

Gistináttaskattur

Fyrsta álagning gistináttaskatts var á árinu. Smíðað var tölvukerfi til móttöku, álagningar og áætlana á þessum nýja skatti, en það var hannað með það fyrir augum að hægt væri að endurnýta bróðurpart kerfisins til álagningar á öðrum nýjum gjöldum.

Álagning ársins nam 168 m.kr. en 699 gjaldendur voru á grunnskrá gistináttaskatts.

Fjársýsluskattur

Fjársýsluskattur var tekinn upp á árinu. Skil á honum voru útfærð sem viðbót við staðgreiðslukerfið sem til staðar var. Utanumhald gjaldskyldra var í gjaldakerfi ríkisskattstjóra og þar fóru fram áætlanir.

Útsvar

Við álagningu 2012 var útsvar lagt á í samræmi við búsetutíma einstaklinga í hverju sveitarfélagi fyrir sig á árinu 2011. Gera þurfti miklar breytingar á tölvukerfum ríkisskattstjóra vegna þeirra lagabreytinga sem og afleiddra breytinga, t.d. vegna ráðstöfunar persónuafsláttar til greiðslu útsvars. Sá einstaklingur sem víðast fór á tímabilinu bjó í fimm sveitarfélögum og fékk því í raun fimm álagningar á útsvar, eina fyrir hvert sveitarfélag.

Þróunarmál

Ávallt eru fjölmörg þróunarmál í gangi hjá Ríkisskattstjóra. Á árinu bar hæst vinna við undirbúning að nýju virðisaukaskattskerfi. Álagningarseðillinn var einfaldaður, unnið að rafvæðingu fyrirtækjaskrár og lögð drög að opnun vefverslunar með gögn úr skránni. Unnið var að svokallaðri skattagátt sem mun kalla fram víðtækar upplýsingar úr ólíkum tölvukerfum og gefa starfsmönnum betri heildarmynd þegar mál eru í vinnslu. Innri og ytri vefir Ríkisskattstjóra eru í stanslausri þróun, sem og samnorræni vefurinn nordisketax.net.

Fyrirhugaðar eru frekari breytingar á skattframtali á næstu árum og hefur mikil þróunarvinna verið í gangi því til undirbúnings.



Vefir



Nýr upplýsingavefur

Töluverðar efnislegar og tæknilegar breytingar voru gerðar á rsk.is, upplýsingavef ríkisskattstjóra, og var valið að nota vefumsjónarkerfið Eplica. Mikil vinna var lögð í hönnun á nýjum vef sem ekki skyldi vera sérstakur farsímavefur heldur laga sig sjálfur að þeim tækjabúnaði sem hann væri skoðaður í. Nýi vefurinn virkar því vel á hefðbundnum tölvuskjá, spjaldtölvu og snjallsíma.

Skipulag vefsins var hugsað út frá skjástærð snjallsíma og slík nálgun kallaði á forgangsörðun efnis svo aðalatriðin væru örugglega í forgrunni. Mikil endurskoðun á efni fór fram og það endurbætt eða endurgert auk þess sem nýju efni var bætt við vefinn. Áhersla var lögð á að taka allar tilvísanir í lög og reglugerðir út úr efnislegum texta til að gera texta vefsins skiljanlegri, sérstaklega hvað varðar efni sem snertir einstaklinga. Tilvísanir í lög og reglugerðir eru birtar sérstaklega á efnissíðum og því ávallt aðgengilegar fyrir þá sem vilja kafa dýpra. Margar efnissíður vefsins byggja á þeirri aðferð að á þeim er að finna stuttan inngang en að auki lista með atriðum sem hægt er að sprengja upp til nánari skoðunar.

Heimsóknnum á vef ríkisskattstjóra fjölgaði greinilega eftir að nýi vefurinn opnaði. Undanfarin ár hefur heimsóknnum á vefinn fækkað um 4-6% í október miðað við næsta mánuð á undan en að þessu sinni fjölgaði heimsóknnum hins vegar um 88,3% á milli mánaða. Aukningin virðist hafa haldið sér þar sem heimsóknir á vefinn á síðasta ársfjórðungi 2012 voru 60% fleiri en á sambærilegu tímabili árið á undan.

Þjónustusíður

Þjónustuvefur skattfirvalda, skattur.is, er í stöðugri þróun og miðaði nokkuð í gagnvirkum samskiptum við gjaldendur. Sem dæmi má nefna ýmsar tilkynningar sem nú eru birtar á samskiptaflípa vefsins og eru alltaf aðgengilegar þar, t.d. kvittanir fyrir framtalsskilum, tilkynningu um fyrirframgreiðslu sérstakrar niðurgreiðslu vaxta, birtingu upplýsinga um álagningu bifreiðagjalda o.fl. Þá voru gagnvirk kerfi vefsins endurbætt og nýjum bætt við, s.s. skráningu á stofnskrá vegna gistináttaskatts, og endurbætur gerðar á skilakerfi staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts.

	2012	2011
Fjöldi heimsókna á vefi ríkisskattstjóra	2.496.851	2.813.696
Meðaltal á mánuði	208.071	234.475
nordisketax.net	293.067	206.086
Meðaltal á mánuði	24.422	17.174

Rekstur tölvukerfa

Öryggismál voru í brennidepli og fram haldið þeirri vegferð í öryggismálum sem byrjaði 2011. Liður í því var að endurmeta allt tækniumhverfi skattkerfisins með það að markmiði að tryggja rekstrar- og gagnaöryggi án of mikils kostnaðar. Stefnt er að því að bestu lausnir verði valdar á hverjum tíma og í því sambandi skoðuð tæknileg atriði, samræming við önnur kerfi sem og kostnaður og rekstrahagkvæmni.

Öryggi tölvupóstsamskipta var stóraukið með tvöföldun kerfisins. Tölvurými var endurskoðað og einnig voru gerðar breytingar til að minnka áhættu af völdum rafmagnsbilana. Af fleiri aðgerðum í öryggismálum má nefna innleiðingu á 802.1x staðli á Laugavegi.

Gagnagrunnmál

Fram fór endurskoðun á gagnagrunnsumhverfi í þeim tilgangi að leita leiða til að tryggja rekstur gagnagrunnskerfa ríkisskattstjóra á sem öruggastan og hagkvæmastan hátt. Bæði var skoðaðir möguleikar á að endurnýja núverandi kerfi hjá ríkisskattstjóra og á því að fá hýsingaraðila í rekstur gagnagrunnanna. Niðurstaðan var að halda áfram rekstri kerfanna innanhúss og var endurnýjun á tölvubúnaði undirbúin.

Hugbúnaður og vélbúnaður

Gerður var nýr samningur til þriggja ára um Microsoft notenda-hugbúnað. Endurnýjun notendavéla var lokið og eru nú allar tölvur starfsmanna yngri en tveggja ára.

Endurnýjun prentara

Netprentarar voru að hluta til endurnýjaðir, eða níu tæki. Nokkrum einkaprenturum var bætt við.

Málakerfi

GoPro er notað sem mála- og verkstjórnartæki og eru tveir grunnar í notkun hjá ríkisskattstjóra.

Til að mæta kröfum um aukna sjálfvirkni við stofnun mála og undirskjala sem flytjast milli kerfa var útbúin vefþjónusta sem verið er að leggja lokahönd á og ætlað er að vera sem sjálfvirkust.

Gagnamagn í málakerfi hefur stóraukist síðan notkun þess hófst árið 2010 og á árinu fór það yfir 64 GB mörkin. Fundin var leið til að spara pláss og ekki er líklegt að farið verði aftur yfir stærðarmörk á næstu árum.

Símkerfi

Símkerfið var uppfært á árinu og keypt nýtt IP skiptiborð sem staðsett er á Akureyri. Haldið var áfram að setja upp fleiri IP síma hjá starfsmönnum og nýta kosti þessa nýja kerfis. Svarhópar og sjálfvirk svörun var þróuð til að auka skilvirkni kerfisins.

Fjarfundabúnaður

Góð reynsla er af notkun fjarfundabúnaðarins. Hann gerir kleift að halda fundi og námskeið á öllum starfsstöðvum samtímis. Settur var upp nýr viðbótarbúnaður í fundarsal á 5. hæð á Laugavegi.

Afgreiðslukerfi

Afgreiðslukerfið á Laugavegi hefur reynt vel og gefur það greinar-góðar upplýsingar um heimsóknir viðskiptavina í afgreiðsluna. Þær upplýsingar auðvelda skipulagningu til að tryggja góða þjónustu.

Eftirlitsmyndavélar


Myndavélum var fjölgað utanhúss og nýr og öflugur netþjónn settur upp til að reka kerfið. Nýtt myndavélakerfi var sett upp í Hafnarfirði.



Staðgreiðsla

Greidd laun 2012

Milljónir kr.



Á staðgreiðsluskrá 2012 voru 21.047 lögaðilar og 13.447 einstaklingar. Nýir á skrá voru 3.849 en 3.662 voru afskráðir.

Að veltu fór mikil vinna í að afgreiða staðgreiðsluerindi frá launþegum og launagreiðendum vegna staðgreiðsluáranna 2011 og 2010. Erindi frá launþegum voru 136 vegna 2011 en 348 leiðréttingar frá launagreiðendum. Einnig voru 518 breytingar gerðar vegna 2010. Þetta er töluverð fækkun frá síðasta ári og er það vegna vélræna breytinga á gögnum frá TR og Vinnumálastofnun sem byrjað var að gera á árinu 2012.

Samkvæmt innsendum skilgreinum staðgreiðslu á árinu 2012 voru greidd laun kr. 960.699.236.115 og staðgreiðsla kr. 237.551.376.374.

Rafræn skil staðgreiðslu

Áfram var unnið að því að fá fleiri launagreiðendur í rafræn skil og eru nú um 95% þeirra í rafrænum skilum og 99,7% sundurliðana berast rafrænt.

Áætlanir í staðgreiðslu hafa fram að þessu verið gerðar um 10 dögum eftir eindaga og þá þegar borið fullt álag vegna vanskila. Nú þegar rafræn skil eru orðin nánast algild eru áætlanir gerðar 4-5 dögum eftir eindaga. Það þýðir að gjaldendur geta brugðist fyrir við og sparað sér hluta vanskilaálags og hefur breytingin mælst vel fyrir.

Endurgreidd staðgreiðsla

Á árinu 2012 voru afgreiddar 349 beiðnir um endurgreiðslu á staðgreiðslu vegna náms og vegna millifærslu milli skattþrepa hjá hjónum/samsköttuðum, að fjárhæð kr. 40.014.079.

Upplýsingagjöf

Fróði

Unnið var áfram að efni í Fróða, rafrænan upplýsingabrunn ríkisskattstjóra. Nokkrir kaflar um fyrningar voru skrifaðir og birtir auk viðbóta við annað efni sem þegar var fyrir hendi.

Fræðsla og fundir

Haldnir voru 23 fræðslufundir fyrir starfsmenn. Flestir fundirnir voru haldnir á Laugavegi og í fjarfundi, en auk þess voru haldnir fræðslufundir á öðrum starfsstöðvum.

Sem dæmi um efni fræðslufunda má nefna:

- Málsmeðferðarreglur
- Gistináttaskatt
- Lagabreytingar
- Reiknað endurgjald og skattmat
- Breytingar á skattframtali
- Tvísköttunarsamninga
- Veiðigjald í sjávarútvegi
- Punna eiginfjármögnun
- Yfirferð á rafrænum skilum á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda

Allir starfsmenn áttu kost á að sækja fundi um vinnustaðamenningu. Þá var námskeið í ritun á íslensku haldið fjórum sinnum. Auk þessa var haldinn umræðufundur um ársreikninga og skattframtöl og virðisaukaskattsfundur þar sem fjallað var um ýmsa þætti þeirrar framkvæmdar.

Tvær málstofur voru um handreikning og fundir um verklagsreglur, ívilnanir og staðgreiðslu. Í öllum tilvikum komu þar saman allir starfsmenn sem fást við þann hluta skattframkvæmdarinnar til að samræma vinnu sína.

Byrjað var á að kynna starfsemi hinna mismunandi sviða í skipulagi ríkisskattstjóra fyrir öðrum starfsmönnum. Fagsvið reið á vaðið og eftirlitssvið fylgdi í kjölfarið en önnur svið halda slíkar kynningar á árinu 2013.

12 fræðslu- og kynningarfundir um skattamál voru haldnir fyrir hópa utan skattkerfisins. Þar á meðal voru tónlistarmenn (ÚTON), Félag viðurkenndra bókara, starfsmenn Tollstjóra, starfsmenn Umboðsmanns skuldara, ökuleyfishafar og leigubifreiðastjórar og hluti af starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Auk þess voru haldin erindi annars vegar um það hvenær úthlutaður arður telst til launa hjá móttakanda og hins vegar um eftirgjöf rekstrarskulda á morgunverðarfundi Félags löggiltra endurskoðenda. Þá var haldið námskeið fyrir þá sem voru að hefja rekstur. Auk þess var ríkisskattstjóri fyrirlesari á nokkrum fundum.

Framtalsleiðbeiningar

Í upphafi ársins voru útbúnar framtalsleiðbeiningar fyrir einstaklinga vegna skattframtals 2012 sem bæði voru prentaðar í 7.000 eintökum og birtar á vefsíðu ríkisskattstjóra. Gerð var grein fyrir helstu atriðum framtalsskila í dagblaðaauglýsingum, svo sem framtalsfrestum og hvar hægt væri að nálgast leiðbeiningar og upplýsingar um veflykla.

Verklagsreglur og verkferlar

Haldið var áfram vinnu við verklagsreglur og verkferla. Nú eru flestir verkferlar tilbúnir og einnig tilheyrandi verklýsingar varðandi virðisaukaskattsframkvæmdina. Útbúnar voru verklagsreglur um ívilnanir og handreikning. Verklagsreglur og verkferlar eru birtir rafrænt í Fróða.

Fundargerðir

Í daglegu starfi hjá ríkisskattstjóra eru haldnir reglulegir fundir sem og tilfallandi þegar þurfa þykir. Á reglulegum fundum, og öðrum fundum þar sem efnislegar niðurstöður nást eða ákvarðanataka fer fram, eru haldnar fundargerðir. Þeim er síðan miðlað til þeirra starfsmanna sem málið varðar, einnig þeirra sem ekki sátu viðkomandi fundi, og er það mikilvægur liður í góðu upplýsingaflæði innan stofnunar sem hefur starfsstöðvar vítt um landið. Þá eru allar slíkar fundargerðir sendar aðalskrifstofu og efni þeirra tekið inn á framkvæmdastjórnarfundi eftir þörfum. Framkvæmdastjórn ríkisskattstjóra kemur saman hálfsmánaðarlega og eru ítarlegar fundargerðir af þeim fundum sendar til allra starfsmanna. Á fundum framkvæmdastjórnar eru þó ekki rædd málefni einstakra viðskiptavina eða starfsmanna.

Önnur upplýsingagjöf

Svör við ýmsum fyrirspurnum eru iðulega birt á ytri vef embættisins sem ákvarðandi bréf og á innri vef embættisins sem almenn bréf. Þrjú ákvarðandi bréf sem gerð voru að gefnu tilefni um tiltekin álitafni voru á árinu vegna beinna skatta.

Talsvert mikið er um upplýsingagjöf til annarra stjórnvalda og má þar m.a. nefna upplýsingar vegna lánsveða.

Alþjóðamál

Ríkisskattstjórar Norðurlandanna hittust á Íslandi

Samstarf ríkisskattstjóra á Norðurlöndunum á sviði skattamála var áberandi á árinu. Ísland var gestgjafi á árlegum fundi ríkisskattstjóra Norðurlandanna sem haldinn var á Akureyri um miðjan júní, en síðast hafði ríkisskattstjóri haldið þennan fund á árinu 2007. Af Íslands hálfu sóttu fundinn Skúli Eggert Þórðarson, Ingvar J.

Rögnvaldsson, Jens Þór Svansson, Guðrún Jenný Jónsdóttir, Helga Valborg Steinarsdóttir, Gunnar Karlsson og Ásgeir Heimir Guðmundsson. Framsögu fyrir Ísland héldu Guðrún Jenný, Jens Þór, Ingvar og Skúli Eggert sem jafnframt var fundarstjóri. Gestur fundarins var sérstakur saksóknari, Ólafur Þór Hauksson, sem gerði grein fyrir starfi embættis síns og rakti fyrir fundarmönnum efnisatriði tveggja stórra

mála sem rannsökuð hafa verið í tengslum við bankahrunið. Farið var yfir niðurstöður þeirra samnorrænu vinnuhópa sem eru að störfum um ýmsa þætti skattframkvæmdarinnar eins og upplýsingaskipti á milli Norðurlandanna, þjónustu við skattgreiðendur og úrbætur á Nordisk eTax vefnum. Norrænir samstarfsmenn rómuðu fundinn og umgjörð hans mjög.



Samnorrænir vinnuhópar

Ríkisskattstjóri tók þátt í starfi fjögurra samnorrænna vinnuhópa:

- **Starfshópur um upplýsingaskipti á milli Norðurlandanna**

Hópurinn hélt áfram því starfi sem hófst á árinu 2011. Markmiðið með starfi hópsins er að bæta upplýsingaskipti á milli Norðurlandanna þannig að unnt verði að nota tekjuupplýsingar frá einu landi við skattálagningu annars lands. Þá fylgist hópurinn náið með þróun mála hjá Evrópusambandinu og OECD þar sem áherslan á regluleg upplýsingaskipti er að aukast. Fimm fundir voru haldnir og ákveðið að halda starfinu áfram á árinu 2013, en þá á að vinna með tilraunasendingu af upplýsingum sem tengjast líffeyri sem greiddur er frá einu landi til skattaðila í öðru.

- **Nordisk eTax**

Norræni skattavefurinn, *nordisketax.net*, er upplýsingavefur fyrir þá sem búsettir eru í einu Norðurlandanna en hafa tekjur eða eiga eignir í öðru. Vefurinn var unninn í samstarfi norrænna skattfirvalda og Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2005 og hefur verið í stöðugri þróun síðan. Ef svör eru ekki þegar tiltæk á vefnum er hægt að senda fyrirspurnir sem fulltrúar frá öllum löndunum sjá um að svara. Af Íslands hálfu tekur einn fulltrúi þátt í vinnu við sjálfan vefinn og svörun fyrirspurna, en auk þess er tæknileg umsjón með vefnum á Íslandi. Þrjú fundir voru haldnir á vegum Nordisk eTax á árinu.

- **NAIS (Nordiska Arbetsgruppen mot Internationellt Skatteunddragende)**

Hópurinn hefur það verkefni að koma á samskiptum milli bærra stjórnvalda á Norðurlöndunum og bærra stjórnvalda í þeim löndum sem gert hafa upplýsingaskiptasamninga við þau. Þá er skipst á upplýsingum innan hópsins um hvernig til hefur tekist að afla upplýsinga frá ríkjum með gilda tvísköttunar- eða upplýsinga-

skiptasamninga. Skattfyrirvöld á Norðurlöndunum hafa í hyggju að koma upp sameiginlegu lokuðu vefsvæði fyrir þá starfsmenn skattfirvalda sem vinna að skatteftirliti og skattrannsóknum og þurfa vegna þess að afla upplýsinga frá erlendum skattfyrvöldum. Vefsvæðið kemur til með að geyma upplýsingar um þau ríki sem Norðurlöndin hafa möguleika á að afla upplýsinga frá, og um hvernig best sé að standa að slíkri upplýsingaöflun. Haldnir voru tveir fundir, þar af annar með bærum stjórnvöldum í Liechtenstein.

- **Nordisk Kanalstrategi**

Lítill hópur starfsmanna frá skattfyrvöldum í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð hefur frá árinu 2011 unnið að því búa til líkan að sameiginlegri stefnu í þjónustumálum er endurspeglir viðhorf norrænna skattfirvalda til viðskiptavina sinna. Skattfyrirvöld á Norðurlöndunum hafa mjög svipað viðhorf til mikilvægis góðar þjónustu, en þjónustustefnan og tæknilegar lausnir eru nokkuð ólík og misvel þróuð og því unnt að miðla miklu innan hópsins. Starfshópurinn skoðaði m.a. þær leiðir sem hvert og eitt land hefur notað í upplýsinga- og þjónustustefnu sinni, og valdi úr bestu og hagkvæmstu lausnir hvers lands og varð það grunnurinn að líkani þjónustustefnu. Í júní gaf hópurinn út skýrslu, „Rapport Arbeidsgruppe Nordisk Kanalstrategi“. Einn fulltrúi Íslands tók þátt í starfinu. Á tímabilinu janúar - júní hittist hópurinn þrisvar á fundum.

Önnur alþjóðleg verkefni

Eins og fyrri ár fylgdist Ríkisskattstjóri með starfi tveggja vinnuhópa á sviði skattamála hjá OECD. Annars vegar vinnuhópi 1 sem fjallar um tvísköttunarsamningsfyrirmynd OECD og breytingar á henni og meðfylgjandi greinargerð, og hins vegar vinnuhópi 10 sem fjallar um upplýsingaskipti á grundvelli tvísköttunar- eða upplýsingaskiptasamninga.

Á árlegum norrænum embættismannafundi sem haldinn var í ágúst voru ýmis túlkunar- og framkvæmdaratriði rædd í tengslum við norræna tvísköttunarsamninginn. Þá voru helstu lagabreytingar kynntar ásamt því að farið var yfir stöðu viðræðna um gerð nýrra tvísköttunarsamninga.

Ríkisskattstjóri átti að venju fulltrúa á aðalfundi IOTA (The Intra-European Organisation of Tax Administrations) sem var að þessu sinni haldinn í Osló í Noregi.

Nefnd um gerð tvísköttunarsamninga átti í viðræðum við þrjú ríki. Í mars fóru fram samningaviðræður við Chile þar sem samkomulag náðist um tiltekin atriði. Samningaviðræðum var fram haldið í júlí en enn standa nokkur atriði eftir sem ekki hefur náðst samkomulag um og ekki náðist að ljúka viðræðum. Í júní voru árituð tvísköttunarsamningsdrög við Georgíu og í árslok náðist samkomulag við bresk skattfyrirvöld um nýjan tvísköttunarsamning.

Í júní kom hingað til lands sendinefnd frá Global Forum on Transparency and Exchange of Information for Tax Purposes. Tilgangur heimsóknarinnar var að skoða hvort og hvernig Ísland uppfylli þær skyldur sem Íslensk stjórnvöld hafa undirgengist á sviði upplýsingaskipta í skattamálum.

Regluleg upplýsingaskil voru með hefðbundnum hætti. Ríkisskattstjóri sendi upplýsingar um laun, fjármagnstekjur, líffeyri o.fl. til erlendra skattfirvalda í 22 löndum vegna tekjuársins 2011 og móttók upplýsingar frá 12 erlendum ríkjum vegna sama tekjuárs. Þá bárust reglulegar upplýsingar um eldri tekjuár frá átta ríkjum. Tilfallandi upplýsingabeiðni frá erlendum skattfyrvöldum voru 28. Ríkisskattstjóri skrifað erlendum yfirvöldum vegna fimm skattaðila til að fá frekari upplýsingar. Þá barst ein MAP beiðni (Mutual Agreement Procedure) og ein var send.

Húsnæðismál



Farið var í endurbætur á húsnæði ríkisskattstjóra, bæði til þess að laga það að breyttum verkefnum og til hagræðingar. Mesta þörfin hefur verið í aðalstöðvunum á Laugavegi þar sem fjölgun starfsmanna hefur verið mest eftir sameiningu en einnig hefur þurft að breyta húsnæði starfsstöðvarinnar í Hafnarfirði vegna nýrra verkefna.

Í aðalstöðvunum var gengið frá framkvæmdum við endurbætur á 4. hæð sem tengjast nýju mötuneyti og fundarsölum. Vatnstjón varð í mötuneyti vegna bilunar í nýlögð við brunaslöngu skömmu eftir opnun þess og þurfti að endurnýja gólfefni. Í framhaldinu var vatnsskynjurum í húsinu fjölgað.

Ráðist var í flutning á deildum innanhúss sem lið í hagræðingu. Fjölgað var skrifstofum í baklandi afgreiðslu og fundarsal á 1. hæð breytt þegar starfsmenn stofnskrár virðisaukaskatts fluttu úr Hafnarfirði á Laugaveg.

Tveir fundarsalir á 5. hæð voru endurnýjaðir, annar á lokuðu svæði tæknisviðs og hinn með áherslu á fjarfundi með öðrum starfsstöðvum.

Öryggismál eru sífellt veigameiri þáttur og var komið á samvinnu við lögreglu vegna öryggis starfsmanna. Einnig var ráðist í verkefni í aðgangsmálum og aukið öryggi starfsmanna starfsstöðvarinnar í Hafnarfirði með frekari aðgangshindrunum inn á vinnusvæði og bættri vinnuáðstöðu í móttöku. Komið var upp tveimur þjónustuherbergjum í móttöku þar sem starfsmenn geta aðstoðað viðskiptavini og eru þau aðskilin frá lokuðu vinnusvæði.

Að auki hefur verið unnið að ýmsum smærri verkefnum í húsnæðismálum vegna viðhalds og endurbóta á starfsstöðvum embættisins um allt land, þar sem horft er til bættrar aðstöðu starfsmanna og öryggis þeirra.

Skjalastjórnun



Stofnuð voru 75.188 mál í GoPro Skattur. Flest málin voru stofnuð í október, eða 9.010 mál, en fæst í apríl, 3.655 mál. Skráning hefur aukist um 8% frá árinu 2011 en þá voru 69.630 mál skráð. Útbúnaar hafa verið leiðbeiningar um einstök atriði skráningar og þær afhentar starfsfólki sem vinnur við hana.

Í GoPro Skattur voru stofnuð rúmlega 52.000 fyrirtækjaskjöl og bréf sett undir þau. Stofnuð voru 411 mál í GoPro RSK en það er 59 málum færra en á árinu 2011.

Stofngögnum frá fyrirtækjaskrá var pakkað, sem og gögnum frá því fyrir sameiningu, bæði framtölum einstaklinga og félaga. Töluvert magn af gögnum var sent í eyðingu.

Tölfræði

Haldið var áfram að byggja upp og viðhalda gagnasafni og skattatölfræði á vef ríkisskattstjóra. Þar er nú að finna yfirgripsmikið safn upplýsinga um skattstofna og álagningu einstaklinga og lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda. Nokkrar breytingar voru gerðar á framsetningu upplýsinga á vefnum til að auðvelda úrvinnslu þeirra.

Aðgangur að skattatölfræðinni á vefnum er öllum heimill án gjaldtöku. Gögnin eru mikið notuð og talsvert er um að ráðuneyti, stofnanir, hagsmunasamtök, fræðimenn og fjölmiðlar óski eftir að upplýsingar sem byggja á gögnum embættisins séu unnar sérstaklega.

Unnar voru upplýsingar um skuldastöðu fyrir þau ráðuneyti sem málið varðar. Hátt í 50 mál voru unnin fyrir stofnanir, stjórn-málaflokka og ýmis hagsmuna- og félagasamtök. Greiningar og rannsóknir á sköttum, þróun skattstofna og skattbyrði voru birtar í Tíund, fréttablaði ríkisskattstjóra.



Starfshópar

Ríkisskattstjóri skipaði fimm starfshópa, þ.e. starfshóp um samræmingu atvinnugreinamerkinga á skattgögnum, um útfærslu regluþrófunar fyrir nýtt VSK-kerfi, um lífeyrisútreikninga, um bætt gagnaskil, og um nýjan vef ríkisskattstjóra. Luku allir hóparnir vinnu sinni á árinu en jafnframt var skipaður faghópur um GoPro mála-skráningarkerfið og er sú vinna ótímabundin. Einn starfshópur frá 2011, um þarfagreiningu á nýju VSK-kerfi, var virkur allt árið 2012 og var störfum hans ólokið í árslok en áfangaskýrslu skilað. Þá átti embættið fulltrúa í þremur starfshópum á vegum fjármála- og síðar fjármála- og efnahagsráðuneytisins er lutu að milliverðlagningu, skattlagningu skemmtiferðaskipa í siglingum innanlands, og skattlagningu ferðaþjónustu og málefnum sem henni tengjast. Skilaði einn þeirra starfhópa lokaskýrslu en vinnu hinna hópanna lauk með öðrum hætti eða verður fram haldið.



Mannauður

Starfsmenn

Í lok árs 2012 störfuðu 259 starfsmenn hjá ríkisskattstjóra og voru konur þar í meirihluta, 59% á móti 41% karla. Meðallíffaldur starfsmanna var 50,6 ár.

Mikil reynsla býr í mannaði embættisins og að meðaltali hafa starfsmenn yfir 14 ára starfsreynslu við skattfrankvæmd.

Ársverk

Fjöldi ársverka var 246,1.

Starfsmannavelta

Starfsmannavelta ársins var 4,2%. Sex starfsmenn létu af störfum vegna heilsubreysts eða lífeyristöku og að teknu tilliti til þess var starfsmannaveltan aðeins 1,9%.

Starfslok

Leitast hefur verið við að milda áhrif starfsloka hjá þeim starfsmönnum sem hafa starfað lengi hjá ríkisskattstjóra með því að gera þeim kleift að vera tímabundið í hlutastarfi samhliða lífeyristöku.

Styrkir

Ríkisskattstjóri hvetur starfsmenn sína til að sinna heilsu sinni vel og stunda líkamsrækt og styrkir þá til þess. Tilgangur með greiðslu líkamsræktarstyrks er að stuðla að ástundun hollrar hreyfingar og almennt að bættri heilsu starfsmanna.

Ríkisskattstjóri styrkir alla starfsmenn sína sem þess óska til að afla sér aukinnar menntunar og færni bæði innan skattkerfis sem utan. Námskeið sem ríkisskattstjóri heldur eru starfsmönnum að kostnaðarlausu og þeir bera heldur ekki kostnað af námskeiðum sem ríkisskattstjóri óskar eftir eða samþykkir að þeir sækji sérstaklega vegna starfa þeirra. Fræðslustyrkur á við um aðra öflun þekkingar en að framan greinir.





Starfsmannafundir

Mikilvægur þáttur í starfsemi á stórum vinnustað, þar sem margir vinna að líkum verkefnum en hafa starfsaðstöðu víða um landið, er að hittast reglulega, kynnst og efla tengslin. Með því móti verða samskipti liprari og samkennd eykst.

Febrúarfundur

Fyrsti starfsmannafundur ársins var haldinn 16. febrúar. Að loknum inngangsorðum ríkisskattstjóra ávarpaði Oddný Harðardóttir fjármálaráðherra fundargesti. Indriði H. Þorláksson fyrrum ríkisskattstjóri lýsti skoðunum sínum á breyttu viðhorfi til ríkisskattstjóra í samfélaginu en að því loknu var fundurinn brotinn upp í sviðsfundi.

Elín Alma Arthursdóttir hélt erindi þar sem hún hnykkti á þeirri vegferð sem stofnunin er á, hvaðan við komum, hvert við ætlum og hvernig. Að lokum kynntu Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir og Jóhannes Jónsson niðurstöður úr vinnu starfsmanna við SVÓT greiningu ríkisskattstjóra og mótun gilda sem starfsmenn hafa að leiðarljósi.

Afmælisfundur

Starfsmenn minnstust 50 ára afmælis embættis ríkisskattstjóra 2. október og komu saman til að gleðjast, rifja upp sögu skattlagningar og meta stöðuna í ljósi liðinna tíma. Þessi fundur var frábrugðinn öðrum starfsmannafundum um margt. Ekki voru aðrir gestir viðstaddir en þeir sem fluttu ræður eða ávörp auk fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Fundarstjóri var Guðrún Jenný Jónsdóttir sviðsstjóri alþjóðasamskipta. Steinþór Haraldsson skrifstofustjóri á atvinnurekstrarsviði, og fyrrum skattstjóri Suðurlandsumdæmis, rakti sögu ríkisskattstjóra með eftirminnilegum hætti. Nýskipaður fjármála- og efnahagsráðherra, Katrín Júlíusdóttir, flutti starfsmönnum ríkisskattstjóra árnaðaróskir sínar, þakkaði fyrir áratuga samstarf ríkisskattstjóra og ráðuneytisins og forvera þess, og afhenti embættinu veglega bók að gjöf til varðveislu í bókasafni ríkisskattstjóra.

Hátíðarræðu dagsins flutti Páll Skúlason heimspekingur og prófessor. Ræddi hann um tilgang skatta og eðli þeirra. Afmælisveðju til starfsmanna fluttu þeir Magnús Pétursson ríkissáttasemjari og Indriði H. Þorláksson fyrrum ríkisskattstjóri. Katrín Júlíusdóttir fjármála- og efnahagsráðherra opnaði nýja heimasíðu ríkisskattstjóra á fundinum og sagði frá því hvernig hún tengdist tölvumálum í sínum fyrri störfum. Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, Elín Alma Arthursdóttir og Jóhannes Jónsson kynntu nýja vefinn og virkni hans.

Lokaorð fundarins flutti Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri þar sem boðaðar voru nýjar áherslur í starfi embættisins með nýjum gildum og nýjum auðkennisorðum.

Stjórnendafundur

Stjórnendur stofnunarinnar komu saman á árlegum haustfundi sem haldinn var á Akureyri dagana 28.-30. ágúst. Meginþema fundarins var þrjúþætt; úrlausn daglegra álitamála með samhæfingu skattframkvæmdar, undirbúningur að langtíma stefnumótun ríkisskattstjóra og hvernig stjórnun embættisins væri háttáð. Stefnumótunarþáttur fundarins var fyrirferðarmestur og fundarmenn ræddu hvert stefna skyldi á næstu fjórum árum. Þar var horft til verklags, tækni, mannauðs, skipulags og húsnæðis auk fleiri þátta. Hugmyndum varðandi framangreint var varpað fram í smærri hópum.

Jólafundur

Á starfsmannafundi 7. desember fór ríkisskattstjóri yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á vinnustaðnum frá sameiningu og hvernig þær væru hluti af stærra ferli sem enn væri unnið í af fullum krafti. Elín Alma Arthursdóttir flutti að því loknu erindi um niðurstöður vinnufundar stjórnenda fyrr um haustið, þar sem lögð voru drög að stefnumótun fram til ársins 2016. Þau orð hennar leiddu alla starfsmenn inn í starf vinnuhópa þar sem hvert svið mótaði sína stefnu og áherslur til næstu ára. Katrín Júlíusdóttir, fjármála- og efnahagsráðherra, ávarpaði fundarmenn og að því loknu funduðu sviðsstjórar með starfsmönnum sínum þar sem línur voru lagðar og farið yfir verkefni framundan.

Tíund

Í fréttablaðinu Tíund sem varð 25 ára á árinu var lögð áhersla á 50 ára afmæli Ríkisskattstjóra. Gefið var út veglegt afmælisrit 2. október þar sem Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðingur rakti aðdragandann að stofnun embættisins árið 1962 auk þess sem birt var hátíðargrein eftir Pál Skúlason um hvers vegna við skyldum greiða skatta. Fjallað var um eða rætt við alla fyrrum Ríkisskattstjóra auk núverandi Ríkisskattstjóra allra hinna Norðurlandanna. Fræðigrein Sigmundar Stefánssonar um rannsóknarreglu í skattstjórnsýslunni var birt, sem og nýr kafli Guðmundar Guðbjarnasonar um skattfrákvæmd fyrr á árum auk hefðbundins efnis.

Auk afmælisritsins komu út tvö tölublöð af Tíund á árinu og voru viðtöl við Ástu Sigrúnu Helgadóttur umboðsmann skuldara og Theodóru Emilsdóttur forstöðumann lögfræðisviðs skattrannsóknarstjóra ríkisins. Páll Kolbeins fjallaði um hrunið og skattana út frá tölfræðilegum upplýsingum og niðurstöðum álagningar lögaðila auk þess sem blöðin innihéldu fjölmargar aðrar greinar um skatttengd málefni.



Fyrirmyndarstofnun

Val á Stofnun ársins er hluti af einni stærstu reglulegu vinnumarkaðs-könnun sem framkvæmd er hér á landi. SFR stóð fyrir könnuninni um Stofnun ársins í sjöunda sinn og var hún í annað sinn í samstarfi við fjármálaráðuneytið og náði því til allra ríkisstarfsmanna. Fjöldi stofnana sem könnunin tók til var um 200 og félagsmenn annarra stéttarfélaga en SFR hjá ríkinu tóku einnig þátt.

Stofnunum var að þessu sinni skipt upp í þrjá flokka. Stórar stofnanir með 50 eða fleiri starfsmenn, millistórar stofnanir með 20 til 49 starfsmenn og minni stofnanir með færri en 20 starfsmenn. Spurningar könnunarinnar voru sem fyrr um vinnutengda þætti eins og trúverðuleika stjórnenda, sjálfstæði í starfi, vinnuálag, vinnuskilyrði, álag og kröfur, sveigjanleika í starfi og fleira.

Í ár varð ríkisskattstjóri í 3. sæti í flokki stórra stofnana með einkunnina 4,282. Áhugavert er að árið 2011 skilaði lægri einkunn, 4,21, stofnuninni 2. sæti í sömu könnun.



50 ára afmæli



Ársreikningur 2012

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	40
Áritun endurskoðenda	41
Rekstrarreikningur	42
Efnahagsreikningur	43
Sjóðstreymi	44
Skýringar	45
Fjárheimildir og rekstur	46
Sundurliðanir	47
Skýringar með ársreikningi	53

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Embætti ríkisskattstjóra heyrir undir fjármálaráðuneytið. Það starfar samkvæmt heimildum í lögum um tekjuskatt. Ríkisskattstjóri hefur með höndum álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum um tekjuskatt og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum eru falin framkvæmd á. Í því skyni skal hann setja framkvæmdar- og

starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum. Ríkisskattstjóra ber að birta reglur og ákvarðanir sem hann metur að hafi þýðingu fyrir skattaðila og eftir atvikum gefa út og hafa til sölu. Ennfremur gegnir ríkisskattstjóri því hlutverki að annast skatteftirlit á landinu öllu.

Á árinu 2012 varð 8.254 þús.kr. tekjuafgangur af rekstri embættisins. Eignir samkvæmt efnahagsreikningi námu alls 346.109 þús. kr, skuldir 104.481 þús.kr. og eigið fé 241.627 þús.kr. Ríkisskattstjóri og sviðsstjóri fjármálasviðs staðfesta hér með ársreikning embættis ríkisskattstjóra fyrir árið 2012 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 24. júní 2013

Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri

Ásgeir Heimir Guðmundsson
sviðsstjóri fjármálasviðs

Áritun endurskoðenda

Til ríkisskattstjóra og ráðuneytis

Við höfum endurskoðað ársreikning ríkisskattstjóra fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Við erum ábyrgir fyrir því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyriræli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar í ársreikningi.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta réttmæti ársreikningsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ríkisskattstjóra á árinu 2012, efnahag 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 24. júní 2013

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Óskar Sverrisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2012	2011
Tekjur			
Ríkistekjur	1	88.332.637	85.905.694
Sértekjur	2	94.862.192	86.588.115
		<u>183.194.829</u>	<u>172.493.809</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	3	1.791.839.898	1.770.405.400
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	141.313.960	151.278.241
Funda- og ferðakostnaður	5	36.579.845	40.889.578
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	6	42.086.857	39.988.125
Rekstur tækja og áhalda	7	9.430.441	15.791.350
Annar rekstrarkostnaður.....	8	37.864.222	41.422.474
Húsnæðiskostnaður	9	175.154.565	159.181.929
Bifreiðarekstur	10	1.752.422	1.479.161
Rekstur skattvinnslukerfa.....	11	284.302.806	265.964.681
		<u>2.520.325.016</u>	<u>2.486.400.939</u>
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	12	17.830.468	17.700.318
Eignakaup	13	47.485.626	52.859.501
		<u>2.585.641.110</u>	<u>2.556.960.758</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(2.402.446.281)	(2.384.466.949)
Ríkisframlag		<u>2.410.700.000</u>	<u>2.397.300.000</u>
Tekjuafgangur ársins.....		<u>8.253.719</u>	<u>12.833.051</u>

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2012	2011
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður.....	14	198.667.635	223.723.849
Skammtímakröfur		16.966.339	18.429.216
Handbært fé		130.474.551	79.935.618
		<u>346.108.525</u>	<u>322.088.683</u>
Veltufjármunir			
		346.108.525	322.088.683
Eignir alls		<u>346.108.525</u>	<u>322.088.683</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll:			
Höfuðstóll í ársbyrjun		233.373.543	220.540.492
Tekjuafgangur ársins.....		8.253.719	12.833.051
		<u>241.627.262</u>	<u>233.373.543</u>
Eigið fé	15		
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....	16	104.481.263	88.715.140
		<u>104.481.263</u>	<u>88.715.140</u>
Skuldir			
		104.481.263	88.715.140
Eigið fé og skuldir		<u>346.108.525</u>	<u>322.088.683</u>

Sjóðstreymi

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
Tekjuafgangur ársins.....		8.253.719	12.833.051
		<u>8.253.719</u>	<u>12.833.051</u>
Veltufé frá rekstri			
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur (hækkun)/lækkun.....		1.462.877	(6.506.646)
Viðskiptaskuldir hækkun/(lækkun).....		15.766.123	10.165.867
		<u>17.229.000</u>	<u>3.659.221</u>
Handbært fé frá rekstri		25.482.719	16.492.272
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting á stöðu við ríkissjóð			
Framlag ríkissjóðs.....		(2.410.700.000)	(2.397.300.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		2.435.756.214	2.380.903.164
		<u>25.056.214</u>	<u>(16.396.836)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Hækkun á handbæru fé		50.538.933	95.436
Handbært fé í ársbyrjun		<u>79.935.618</u>	<u>79.840.182</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>130.474.551</u>	<u>79.935.618</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur ríkisskattstjóra er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðu-reikninga, nr. 696/1996. Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisskattstjóri greiðir ekki tekjuskatt.

Skráning tekna

Sértekjur embættisins eru skráðar í bókhald við greiðslu.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast embættinu.

Starfspáttagreining

Í skýringum er rekstri embættisins skipt á viðfangsefni sem falla að skipulagi þess.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankareikningum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna embættisins er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Bókhald og fjárvarsla

Embættið sér sjálft um að greiða reikninga. Bókhaldið er fært hjá embættinu. Fjárýsla ríkisins sér um útreikning og greiðslu launa.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum námu 2.395,7 m.kr. Millifærðar voru á embættið 15,0 m.kr. vegna ráðningu verkefnisstjóra í tengslum við endurbætur á virðisaukaskatti. Heildarfjárheimild ársins 2012 nam því 2.410,7 m.kr. Þar af var gert ráð fyrir að 89,0 m.kr. yrðu fjármagnaðar með ríkistekjum. Rekstrargjöld ársins, að frádrögnum sértekjum, námu samtals 2.402,4 m.kr. og tekjuafgangur eftir færslu ríkistekna nam 8,3 m.kr.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(20.300)	(20.300)	(94.862)	74.562
Laun og launatengd gjöld	1.659.200	1.674.200	1.791.840	(117.640)
Önnur rekstrargjöld.....	823.500	823.500	728.485	95.015
	<u>2.462.400</u>	<u>2.477.400</u>	<u>2.425.463</u>	<u>51.937</u>
Eignakaup	22.300	22.300	65.316	(43.016)
	<u>2.484.700</u>	<u>2.499.700</u>	<u>2.490.779</u>	<u>8.921</u>
Ríkistekjur	(89.000)	(89.000)	(88.333)	(667)
	<u>2.395.700</u>	<u>2.410.700</u>	<u>2.402.446</u>	<u>8.254</u>

Sundurliðun eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	2012	2011
Sértekjur	(94.862)	(86.588)
Rekstrartekjur	(88.333)	(85.906)
Yfirstjórn	2.283.508	2.273.296
Skattvinnslukerfi	284.303	265.965
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	17.830	17.700
	<u>2.402.446</u>	<u>2.384.467</u>

Sundurliðanir

1 Ríkistekjur

Ríkistekjur eru tilkomnar vegna aðgangs viðskiptavina að hlutafélagaskrá og fyrirtækjaskrá sem og greiðslum fyrir vottorð úr sömu skrá.

	2012	2011
Aðgangur að hlutafélagaskrá	49.749.319	48.354.825
Aðgangur að fyrirtækjaskrá.....	33.258.877	32.126.051
Vottorð	5.324.441	5.424.818
	<u>88.332.637</u>	<u>85.905.694</u>

2 Sértekjur

Sértekjur jukust um 8,3 m.kr. milli ára eða 9,6%. Hluti tekna af kostnaðarhlutdeild eða 5,0 m.kr. er endurgreiddur útlagður kostnaður frá Fjársýslunni vegna útsendingar á álagningaseðlum.

Ársreikningar og skönnuð skjöl	75.003.894	76.952.716
Seld sérfræðiþjónusta.....	10.375.189	6.356.873
Tekjur af fræðslustarfsemi.....	488.000	626.200
Kostnaðarhlutdeild	6.026.929	173.444
Aðrar tekjur.....	2.968.180	2.478.882
	<u>94.862.192</u>	<u>86.588.115</u>

3 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld voru 1.791,8 m.kr. árið 2012 og hækkuðu um 1,2% milli ára. Ársverk voru 246,1 sem er fækkun ársverka um 11,0 frá fyrra ári. Launagjöld reiknuð á ársverk hækkuðu um 5,7% milli ára. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna	1.166.804.302	1.139.037.780
Yfirvinna.....	201.267.229	198.437.066
Aukagreiðslur.....	66.353.310	73.868.796
Launatengd gjöld	338.633.634	343.881.755
Starfsmannakostnaður.....	18.781.423	15.180.003
	<u>1.791.839.898</u>	<u>1.770.405.400</u>

4 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Undir þennan lið fellur kostnaður sem tengdur er skrifstofuhaldi embættisins. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkaði um 10,0 m.kr. milli ára m.a. vegna lækkunar síma- og afnotagjalda milli ára um 8,6 m.kr.

	2012	2011
Auglýsingar og kynningar	17.912.117	21.393.148
Símagjöld og afnotagjöld	54.763.270	63.389.315
Burðargjöld.....	39.533.372	36.189.424
Prentkostnaður, ísetning til póstagningar.....	18.828.826	19.139.312
Skrifstofuvörur	9.032.693	9.839.550
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.243.682	1.327.492
	<u>141.313.960</u>	<u>151.278.241</u>

5 Funda- og ferðakostnaður

Funda- og ferðakostnaður embættisins var 36,6 m.kr. árið 2012 og lækkar um 4,3 m.kr. milli ára eða 10,5%.

Ferða- og dvalarkostnaður innanlands.....	11.503.914	14.201.312
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis.....	5.535.822	7.531.458
Fundir, ráðstefnur og námskeið	12.491.711	10.407.007
Akstur	4.593.537	6.191.178
Félagsgjöld	1.860.765	2.185.379
Risna	594.096	373.244
	<u>36.579.845</u>	<u>40.889.578</u>

6 Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Aðkeypt sérfræðiþjónusta var 42,1 m.kr. árið 2012 og hækkaði um 2,1 m.kr. frá fyrra ári eða um 5,2%. Kostnaður vegna tölvu- og kerfisfræðiþjónustu hækkaði milli ára um 4,0 m.kr. eða 50% vegna endurhönnunar á upplýsingavef embættisins. Önnur sérfræðiþjónusta er m.a. kostnaður að fjárhæð 9,4 m.kr. við skráningu sögu ríkisskattstjóra.

	2012	2011
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	12.093.281	8.073.956
Sérfræðiþjónusta	18.954.876	22.871.133
Önnur sérfræðiþjónusta	11.038.700	6.496.148
Rekstrarsamningar	0	2.546.888
	<u>42.086.857</u>	<u>39.988.125</u>

7 Rekstur tækja og áhalda

Kostnaður vegna rekstur tækja og áhalda var 9,4 m.kr. árið 2012 og lækkaði um 6,4 m.kr. milli ára eða 40,3%. Embættið hefur hætt rekstarleigu á tölvum og skjám sem skýrir lækkun milli ára.

Smátæki og áhöld	6.761.481	7.830.536
Viðgerðir og viðhald	1.535.436	4.899.029
Rekstrarleiga tækja og búnaðar	0	2.472.007
Varahlutir og viðhaldsvörur	825.700	269.083
Uppsetning á netbúnaði	307.824	320.695
	<u>9.430.441</u>	<u>15.791.350</u>

8 Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður var 37,9 m.kr. og lækkaði um 3,6 m.kr. milli ára eða 8,6%. Á máltíðir er færð hlutdeild embættisins í fæðiskostnaði starfsmanna. Á þjónustugjöld eru færð samnefnd gjöld fjármálastofnana vegna notkunar á greiðslukortum.

	2012	2011
Máltíðir	30.010.619	27.305.902
Rekstrarvörur	3.700.854	7.253.501
Aðkeyptur akstur og flutningar.....	696.832	3.281.256
Hreinsun og gagnaeyðing.....	1.469.777	1.811.528
Ýmis önnur þjónustugjöld	743.627	978.047
Annar rekstrarkostnaður.....	1.242.513	792.240
	<u>37.864.222</u>	<u>41.422.474</u>

9 Húsnæðiskostnaður

Embættið er með aðalstöðvar á Laugavegi 166 í Reykjavík, en auk þess er embættið með starfsstöðvar í Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og á Akranesi, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Egilsstöðum og Hellu. Embættið leigir húsnæði á öllum starfsstöðvum af Fasteignum ríkissjóðs, nema á Egilsstöðum. Það húsnæði er leigt af einkaaðilum.

Leigugjöld	95.485.040	86.446.893
Orka	13.278.971	11.068.478
Viðhald fasteigna og innréttinga	15.961.285	20.270.417
Þrif og sorphirða.....	12.353.920	10.856.103
Annar húsnæðiskostnaður	38.075.349	30.540.038
	<u>175.154.565</u>	<u>159.181.929</u>

10 Bifreiðarekstur

Embættið átti sex bifreiðar í árslok 2012.

	2012	2011
Bensín og olía.....	723.328	716.569
Opinber gjöld og tryggingar	584.034	477.820
Annar bifreiðakostnaður.....	445.060	284.772
	<u>1.752.422</u>	<u>1.479.161</u>

11 Rekstur skattvinnslukerfa

Á viðfangsefninu er haldið utan um rekstrarkostnað skattvinnslukerfa.

Sérfræðipjónusta.....	89.194	41.255.725
Tölvuvinnsla	134.933.987	110.688.915
Hugbúnaðargerð.....	142.104.283	107.822.337
Hugbúnaður.....	6.262.709	5.275.280
Annað	912.633	922.424
	<u>284.302.806</u>	<u>265.964.681</u>

12 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi

Á viðfangsefninu er haldið utan um stofnkostnað skattvinnslukerfa. Undir hugbúnaðargerð er færður kostnaður við viðhald og nýsmíðar kerfisins.

Hugbúnaðargerð.....	17.212.671	17.006.814
Hugbúnaður.....	617.797	693.504
	<u>17.830.468</u>	<u>17.700.318</u>

13 Eignakaup

Helstu eignakaup ársins voru tölvubúnaður, símtæki, fjarfundabúnaður, skjáir og endurnýjun á húsgögnum.

	2012	2011
Húsgögn	2.154.459	9.090.792
Tölvubúnaður	32.505.964	27.843.046
Bifreiðar	0	1.155.848
Annað	12.825.203	14.769.815
	<u>47.485.626</u>	<u>52.859.501</u>

Annað

14 Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð grein fyrir greiðslustöðu embættisins gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilunum. Í árslok nam krafa embættisins á ríkissjóð 198.668 þús.kr. og hafði lækkað um 25.056 þús.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2012	223.723.849
Ríkisframlag	2.410.700.000
Greiðslur	2.435.756.214
Staða 31. desember 2012	<u>198.667.635</u>

15 Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll embættisins sýnir uppsafnaðan tekjuafgang þess gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Á árinu 2012 nam tekjuafgangur 8.254 þús.kr og hækkar höfuðstóllinn því samsvarandi. Í lok ársins 2012 sýnir höfuðstóll embættisins uppsafnaðan tekjuafgang að fjárhæð 241.627 þús.kr.



Höfuðstóll:	
Höfuðstóll 1. janúar 2011	233.373.543
Ríkisframlag	2.410.700.000
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(2.402.446.281)
Höfuðstóll 31. desember 2011	<u>241.627.262</u>

Skýringar með ársreikningi

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2012	2011	2010	2009	2008
Rekstur					
Rekstrartekjur	183.195	172.494	170.893	146.884	132.909
Rekstrargjöld	2.567.811	2.539.260	2.468.079	1.148.566	1.092.464
Stofnkostnaður	17.830	17.700	34.748	84.020	57.697
Halli fyrir ríkisframlag	(2.402.466)	(2.384.466)	(2.331.934)	(1.085.702)	(1.017.252)
Ríkisframlag	2.410.700	2.397.300	2.386.400	1.111.900	1.000.700
Tekjuafgangur ársins	8.254	12.834	54.466	26.198	(16.552)
Efnahagur					
Veltufjármunir	346.109	322.089	299.102	169.382	111.564
Eignir alls	346.109	322.089	299.102	169.382	111.564
Höfuðstóll	241.628	233.374	220.540	98.894	72.697
Skammtímaskuldir	104.481	88.715	78.562	70.488	38.867
Eigið fé og skuldir alls	346.109	322.089	299.102	169.382	111.564

Embætti ríkisskattstjóra og skattstjóra voru sameinuð á árinu 2010.



RSK₅₀ÁR
STOFNÁR 1962